

Mánudaginn 13. nóvember 1916.

Nr. 25/1916.

Bjarni Grímsson

gegn

hreppsnefnd Ölfushrepps.

Dómur:

Vorið 1905 lagði hin stefnda hreppsnefnd auka-útsvar til Ölfushrepps, að upphæð 26 kr., á áfrýjanda Bjarna Grímsson og háseta hans, er stundað höfðu bátfiski í Þorlákshafnarveiðistöð vetrarvertíðina næst á undan; var áfrýjandi þar formaður á skipi sínu, en heimili hans var í Stokkseyrarhreppi, og þaðan og úr öðrum hreppum Árnassýslu virðast hásetar hans og hafa verið. Í lögtaksbeiðni sinni segir hreppsnefndin, að gjaldið sé á lagt samkvæmt lögum 2. nóvbr. 1914 (nr. 33). Áfrýjandi þóttist þó eigi vera gjaldskyldur til sveitarsjóðs í Ölfushreppi, og neitaði útsvarskröfunni. Var útsvarið síðan eftir kröfu stefnda, hreppsnefndarinnar, tekið lögtaki hjá áfrýjanda af hreppstjóra Stokkseyrarhrepps hinn 3. sept. 1915, og var tekið í lögtakið hlutabréf í kaupfélaginu »Ingólfur«, að nafnverði 50 kr. Áfrýjandi mótmælti þá gjörðinni, og kom lögtaksgjörðin þannig undir úrskurð fógeta, sýslumannsins í Árnassýslu. Fyrir fógetaréttinum var málsaðilum gerður kostur á að láta uppi álit sitt um mótmælin, sem þeir og gerðu, og var síðan, hinn 24. jan. þ. á., kveðinn upp úrskurður í fógetarétti Árnassýslu á þá leið, að lögtaksgjörðin var staðfest. Þessum fógetaréttarúrskurði, svo og lögtaksgjörðinni frá 3. sept. f. á., hefir Bjarni

Grimsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 29. apríl þ. á., og hefir hann fengið uppreistarleyfi til þess, dags. 27. s. m. Hefir hann gert þá réttarkröfu, að fógetaréttarúrskurðinum verði hrundið þannig, að lögtaksgjörðin verði algerlega úr gildi feld og að hin stefnda hreppsnefnd verði dæmd til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi og fógetarétti eftir mati réttarins. Hin stefnda hreppsnefnd hefir fengið gjafvörn í málinu, og skipaðan málaflutningsmann, og hefir hann krafist þess fyrir nefndarinnar hönd, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, og að hreppsnefndinni verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður bæði fyrir fógetarétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Eins og fram hefir verið tekið, var áfrýjandi heimilisfastur í Stokkseyrarhreppi í Árnassýslu, og um háseta hans er það tekið fram, að þeir hafi allir verið úr Árnassýslu, og eigi er því mótmælt, að áfrýjandi og hásetarnir hafi greitt aukaútsvar í heimilishreppum þeirra, hver í sínum hreppi, eins og áfrýjandi hefir staðhæft. Hreppsnefnd Ölfushrepps hefir nú haldið því fram, að hún hafi heimild til útsvarsálögunnar í áðurnefndum lögum nr. 33, 2. nóvember 1914, 2. gr. 1. málslíð, en hinsvegar heldur áfrýjandi því fram, að álöguheimildin sé takmörkuð með niðurlagsákvæði greinarinnar svo að eigi sé heimilt að leggja útsvar á fiskimenn úr öðrum hreppum í sama sýslufélagi, ef á þá er lagt útsvar í sveitarfélagi þeirra. Það verður nú að fallast á það, að orðið útvegsmenn í síðustu málsgrein 2. gr. laganna merki fiskimenn yfirleitt, er útveg stunda í

veiðistöðinni, gegn því að eignast aflann eða ákveðinn hluta af honum, eða gegn peningakaupi, og þannig virðist og hafa átt að skilja þetta orð útvegsmenn í 2. gr. laga nr. 6, 19. júní 1888 og í lögum nr. 43, 10. nóvember 1905, 37. gr., en eftir þessum lögum er ákvæðið tekið upp í yngstu lögin frá 2. nóvember 1914. Útvegsmenn úr öðrum hreppum (sveitarfélögum) þýðir þá hið sama sem orðin: aðkomumenn er bátfiski stunda á útveg annara en þar sveitarmanna (»nú stundar aðkomumaður bátfiski á útveg annara en þar sveitarmanna«) í upphafi laga-greinarinnar. Eftir þessu var hreppsnefnd Ölfus-hrepps óheimilt að leggja aukautsvar á áfrýjanda og háseta hans, er allir voru úr öðrum hreppum í sama sýslufélagi (Árnessýslu), og verður fyrir því að fella úr gildi úrskurð fúgetaréttarins og lögtaksgerðina, sem áfrýjað hefir verið. Málskostnaður þykir rétt að falli niður, og með því að hinn skipaði málflutningsmaður hreppsnefndarinnar hefir eigi gert kröfu um málflutningskaup sér til handa, verður honum eigi dæmt það, en það vottast að hann hefir flutt málið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fúgetaréttarúrskurður og undanfarin lögtaksgerð skal úr gildi feld. Málskostnaður fellur niður.